

Fundur í stjórn UÍA 28.8.2018

Haldinn á skrifstofu, Egilsstöðum. Fundur settur 18:03

Mætt: Gunnar Gunnarsson (GG), Benedikt Jónsson (BJ), Jósef Auðunn Friðriksson (JAK) Pálína Margeirsdóttir (PG) Guðbjörg Agnarsdóttir (GA)

Starfsmaður: Gunnar Gunnarsson (Gassi)

### 1. Síðasta fundargerð

Fundargerð frá 12. Júní. Hún er leiðrétt smávægilega og samþykkt.

### 2. Innsend erindi

Körfuknattleiksdeild Hattar sækir um styrk til þess að halda dómaramámskeið til helgina 8-9 Sept. Stjórn samþykkir að veita verkefninu styrk uppá 50.000 kr.

Erindi frá Svanhvíti Antonisdóttir um styrktardag til styrkar Ólafi Björnssyni fyrverandi starfsmanns UÍA. Stjórn tók vel í erindið og mun framkvæmdarstjóri hafa samband við Svanhvíti um nánari útfærslu.

### 3. Skýrsla skrifstofu

Farandþjálfun: Var á Vopnafirði, Djúpavogi, Seyðisfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Þátttaka var þokkaleg og gekk þetta vel. Umræður um hvort að setja þurfi aldurstakmark á þátttakendur eða skikka félögin til að hafa þjálfara eða starfsmann til taks.

Launafsbikarinn: BN96 voru meistarar eftir sigur á UMFB í úrslitaleik. 7 lið skráðu sig til keppni en eitt lið dró sig snemma úr keppni.

Sumarhátíð: Fór fram 6-8 Júlí. Það gekk erfiðlega að fá sjálfboðaliða og þurfti m.a. að fella niður sundkeppni. Fyrir utan það gekk hátíðin nokkuð vel. Rætt um að skipa starfshóp til að skoða framkvæmd sumarhátíðar. Til skoðunnar er að halda sundmót í haust. Gassi mun hafa samband við sunddeildir og kanna áhuga.

MÍ 11-14 ára: Mótið fór fram 23. Og 24. Júní og var þátttaka nokkuð góð. Frjálsíþróttadeild Hattar þótti standa sig mjög vel með umsjón mótsins.

Tour de Ormurinn: Fór fram 11. Ágúst. Þátttaka var sú besta frá upphafi. Keppnin gekk mjög vel.

Urriðavatnssund: UÍA tók þátt í undirbúningi sundsins við að útbúa og afhenta gögn.

ULM: Gassi fór fyrir hönd UÍA. Framkvæmd mótsins gekk vel. Keppendur frá UÍA voru um 30 talsins.

Landsmót UMFÍ: Var haldið á Sauðárkróki. Þátttakendur voru um 1000 talsins.

Sprettur: Stjórn verður kölluð saman á næstu dögum og unnið verður úr umsóknum.

### 4. Verkefni framundan

Írland: Verið er að ljúka uppgjöri. Unnið er að áframhaldandi samstarfi við Írsku samtökin. UÍA og ME vinna saman í þessu.

Landsmót 50 ára og eldri: Verður haldið á Neskaupstað í Júní 2019. Haldin hefur verið einn undirbúningsfundur. GG og Gassi fara á fund bæjarstjóra Fjarðabyggðar þann 29. Ágúst.

Fjárhagsáætlanagerð sveitafélaga framundan: Skrifum til þeirra bréf til að sækja um höfðatölustyrk.

## **5. Önnur Mál**

Næsti fundur áætlaður í 25. September.

Fundi slitið 20:27

BJ ritaði fundargerð